

Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 96/98
frá 25. september 1998

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með
bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir
samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.
76/98 frá 31. júlí 1998⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/864/EB frá 5. desember 1997 um breytingu á
ákvörðun 96/304/EB frá 22. apríl 1996 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á
umhverfismerki bandalagsins fyrir sængurföt og T-bólí⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 2ei (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/304/EB) í XX.
viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **397 D 0864:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/864/EB frá 5. desember
1997 (Stjtið. EB L 351, 23.12.1997, bls. 66).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 351, 23.12.1997, bls. 66.

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 97/864/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 26. september 1998, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 25. september 1998.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

N. v. Liechtenstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner